

Alþingi
Erindi nr. P 135/2063
komudagur 9.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2008.

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.). 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 747.– 468. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög er varða greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl. við stofnun félags eða hækkun hlutafjár. Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er að því stefnt að breytingarnar dragi ekki úr vernd hluthafa og lánardrottna.

Laganefnd LMFÍ gerir þær athugasemdir við efni frumvarpsins sem hér fara á eftir. Miðast umfjöllunin einkum við þær breytingar, sem lagðar eru til á lögum um hlutafélög, en þær eiga einnig við um breytingar þær sem lagðar eru til á lögum um einkahlutafélög, að breyttum breytanda.

1. Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er að því stefnt að breyta til einföldunar reglum um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl. Líklegt má telja að reglur, sem miða að því að draga úr umsýslu og kostnaði við meðferð mála hjá hlutafélögum, geti dregið úr kostnaði og þar með aukið virði þeirra.

Hér verður hins vegar að hafa í huga, að ákvæði frumvarpsins fela í sér að í stað þess að afla verði að jafnaði sérfræðiskýrslu (hlutafélög) eða yfirlýsingar sérfræðings (einkahlutafélög), eins og nú er, skuli verðmæti greiðslunnar metið út frá tilteknum utanaðkomandi þáttum (svo sem vegnu meðaltali verðs verðbréfs síðustu sex mánuði fyrir greiðslu), nema ef verðmæti verðbréfs hefur „*af sérstökum ástæðum breyst verulega*“. Samkvæmt framangreindu verður það háð mati stjórnar félags hvort afla verður sérfræðiskýrslu um greiðsluna eða hvort látið verður nægja að leggja til grundvallar ytri viðmið við mat á verðmæti hennar. Eins og fjallað verður um hér á eftir verður við það mat að taka til skoðunar hvort „*sérstakar ástæður*“ liggja fyrir og hvort verðmæti viðkomandi greiðslu hefur „*breyst verulega*“ á því tímabili, sem til skoðunar er. Þessu til viðbótar hljóta að vakna spurningar um ábyrgð stjórnar gagnvart hluthöfum og lánardrottnum félagsins, ef mat stjórnar á þessum þáttum er rangt. Það verður því ekki fullyrt að tillögur frumvarpsins horfi í öllum tilvikum til einföldunar, þó að vel kunni að vera að þær leiði í mörgum tilvikum til lækkunar á kostnaði.

2. Í 1. gr. frumvarpsins (1. mgr. 6. gr. a.) er lagt til að þegar greiðsla hlutafjár er

með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali, sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skuli miða verð bréfsins eða skjalsins við „vegið meðaltal á þeim markaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins“. Hér mun augljóslega átt við vegið meðaltal verðs (eða markaðsverðs) viðkomandi bréfs eða skjals, en gjarnan mætti bæta því orði inn í setninguna í frumvarpinu.

Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu skulu ríki ráða lengd tímabilsins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB. Hér verða ekki gerðar athugasemdir við mat löggjafans á æskilegri lengd tímabilsins. Þó skal bent á að sex mánuðir kunna að reynast langt tímabil þegar um verðbréf er að ræða, sér í lagi hlutabréf. Eftir langvarandi hækkunir á verði verðbréfs á markaði yrði bréfið lagt inn á undirverði sem greiðsla hlutafjár (þar sem vegið meðaltal verðs þess síðustu sex mánuði væri lægra en verðmæti þess þegar greiðslan á sér stað), og gæti slík greiðsla þannig komið öðrum hluthöfum og lánardrottnum vel. Á fallandi markaði yrði vegið meðaltal verðs þess síðustu sex mánuði hins vegar hærra en markaðsverð verðbréfsins þegar greiðslan væri innt af hendi. Undir slíkum kringumstæðum gæti hluthafinn, sem innti greiðsluna af hendi, hagnast á kostnað annarra hluthafa.

3. Í 1. gr. frumvarpsins (2. mgr. 6. gr. a.) er gert ráð fyrir því að stofnendur eða stjórn endurmeti verðmæti greiðslunnar ef verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals hefur „af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma“. Óljóst er hvað átt er við með „sérstökum ástæðum“ í þessu sambandi, en ekki er að finna leiðbeiningu þar um í athugasemdum greinargerðar eða tilskipuninni. Má raunar ganga svo langt að telja skilyrðið um „sérstakar aðstæður“ óheppilegt og óþarft í þessu sambandi. Ef verðmæti verðbréfs hefur breyst verulega á umræddu sex mánaða tímabili má telja eðlilegt að fram fari mat á ætluðu verðmæti þess þegar greiðslan á sér stað. Verður ekki séð hvaða hagsmunum það þjónar að hlutast einungis til um slíkt mat ef aðstæður geta talist *sérstakar* að mati stofnenda eða stjórnar.

Matinu á aðstæðum virðist alfarið ætlað að vera í höndum stofnenda eða stjórnar án þess að hluthöfum sé fengið virkt úrræði til að krefjast endurskoðunar á því mati í þessu tilviki (nema væntanlega eftir almennum leiðum í gegnum dómskerfið). Hugsanlega opnast hér leið til misnotkunar af hálfu stærri hluthafa, sem kunna að hafa yfir að ráða meirihluta stjórnar félags. Þeir gætu eignast hluti í félaginu á undirverði ef stjórn félagsins samþykkti að taka við verðbréfum hluthafanna sem greiðslu á verði sem væri hærra en markaðsverð verðbréfanna þegar greiðslan er innt af hendi.

4. Sömu sjónarmið eiga að sínu leyti við um tillögu í 1. gr. frumvarpsins að 6. gr. b. Spyrja má hvaða hagsmunum það þjónar að gera „*nýjar aðstæður*“ (2. mgr. 6. gr. b.) að skilyrði fyrir því að verðmæti greiðslu verði endurmetið.

Þá er orðalagið „*á þeim tíma*“ í 2. mgr. 6. gr. b. ekki nákvæmt (ólíkt 2. mgr. 6. gr. a.), þar sem í 2. mgr. 6. gr. b. er ekki fjallað um afmarkað tímabil, heldur er þar eingöngu vísað til ársreiknings „*fyrir síðasta reikningsár*“. Nákvæmara væri því að vísa til þess ef verðmæti greiðslu hefur breyst verulega *frá lokum síðasta reikningsárs*.

Í 3. mgr. 6. gr. b. er lagt til að hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutfjár þegar ákvörðun um hlutfjárhækkun er tekin, geti krafist þess að verðmæti greiðslu verði endurmetið og að gerð verði sérfræðiskýrsla og að slíka kröfu megi gera *þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins*. Til þess að úrræðið sé virkt væri æskilegt að fresturinn væri lengri, þar sem ella væri unnt að koma í veg fyrir slíka kröfu með því einu að inna af hendi greiðslu fyrir hlutaféð án tafar.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl., formaður.